— *Brjef* landshöfðingja *til yfirskattanefndarinnar í Ísafjarðarsýslu um* tekjuskatt verzlunar. — Eptir að hafa meðtekið álit yfirskattanefndarinnar um 2 kæruskjöl frá verzlunarstjóra Vilh. Holm á Ísafirði, þar sem hann ber sig upp undan úrskurðum nefndarinnar frá 17. janúar og 21. febrúar þ. á. viðvíkjandi sæti hans í yfirskattanefndinni og viðvíkjandi skattskyldum tekjum verzlunar þeirrar, er kærandi veitir forstöðu á Ísafirði, vil jeg tjá nefndinni það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda. **113** 23. júlí.

Mál þetta er svo til komið, að eptir að kærandi 29. október f. á. hafði skýrt frá, að tekjur verzlunar þeirrar, er hann veitir forstöðu, hefðu verið á árinu $^{1}/_{10}77$—$^{1}/_{10}78$ 8192 kr. 18 a., úrskurðaði skattanefndin tekjur verzlunar þessarar á almanaksárinu 1878 13000 kr. Þessum urskurði skaut kærandi 31. desbr. f. á. til yfirskattanefndarinnar og heimtaði, að dregnar yrðu frá hinni úrskurðuðu upphæð 6870 kr. 46 a., sem hann telur, að verzlunin hafi tapað á árinu í dánarbúum, og ályktaði þar á eptir skattanefndin 17. jan. þ. á., að kærandi, sem er einn í yfirskattanefndinni ætti að víkja úr sæti sínu í þessu máli og staðfesti yfirskattanefndin þar eptir 21. febr. þ. á. hinn áfrýjaða úrskurð skattanefndarinnar.

Hvað nú fyrst snertir úrskurð yfirskattanefndarinnar frá 17. janúar þ. á. hefir kærandinn fært það til, að hann sjálfur eigi ekkert í verzlun þeirri, er hann veitir forstöðu, hún sje eign verzlunarhússins M. W. Sass & Sönner í Kaupmannahöfn, og sje því kæra hans ekki yfir tekjur hans eigin; en 22. gr. laga 14. desbr. 1877 skipi að eins, að sá, er kærir yfir ákvörðun skattanefndarinnar um tekjur, er hann sjálfur hefir haft, eigi að víkja úr sæti sínu. En hjer við er það að athuga, að grein þessi inniheldur enga takmörkun á rjetti þeim, er yfirskattanefndin hefir til í einstökum málum, er snerta hag einstakra yfirskattanefndarmanna að úrskurða, að þeir eigi að víkja úr sætum sínum; hún mælir að eins fyrir, að nefndarmaðurinn, hvernig sem á stendur, eigi að víkja úr sæti sínu, þegar hann sjálfur hefir kært yfir ákvörðun skattanefndarinnar um hans eigin tekjur, og lætur hún hitt vera komið undir úrskurði nefndarinnar, hvort hlutaðeigandi eigi að halda sæti sínu, ef annar kærir yfir ákvörðun um tekjur nefndarmannsins, eða ef hann sjálfur kærir út af tekjum annara. En ákvörðun yfirskattanefndarinnar í þessu máli finn jeg því síður ástæðu til að breyta, sem málið er einmitt sprottið af teknaskýrslu, er kærandi sjálfur hefir gefið. Hins vegar hefði nefndin átt að kalla kærandann á þann fund, er honum var vikið úr sæti hans á, en að yfirskattanefndin vanrækti það getur því síður haft neina þýðingu, sem ályktun nefndarinnar um, að kærandi viki úr sæti sínu, var gjörð í einu hljóði; og er því enginn vafi um, að niðurstaðan hefði orðið hin sama, þótt kærandi hefði verið sjálfur á fundi.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort skuldakröfur frá eldri árum, er hafa reynzt ófáanlegar, skuli taldar frá viðkomandi tekjum, verður úrskurður yfirskattanefndarinnar að álítast fullnaðarúrskurður, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að hann sje á góðum rökum byggður. Tekjur hlutaðeigandi verzlunar hafa ekki verið fundnar á þann hátt, að talið hafi verið, hvað fjárstofn verzlunarinnar hafi vaxið eða rýrnað, og hverju eigendurnir hafi eytt á viðkomandi ári sjer og sínum til viðurværis, nytsemdar, munaðar o. s. frv., en kærandinn hefir sjálfur gjört reikninginn á þann hátt, að taldar hafa verið hinar einstöku tekjugreinir og þeim síðan jafnað saman við útgjöldin. Þegar reikningurinn er gjörður á þann hátt, fær það ekki mikla þýðingu, þótt einstakir liðir af fjárstofninum rýrni. Áður en slíkur eignarmissir átti sjer stað, gátu að eins vextirnir af fje því, sem hlutaðeigandi hefir tapað, komið til greina, þegar tekjurnar voru reiknaðar

Hinn 24. ágúst 1880.

Reykjavík, 1880. Einar Þórðarson.

113 23. júlí. út, og getur rýrnunin á fjárstofn eða höfuðstól verzlunarinnar ekki verkað öðruvísi, en að vextir þeir, sem áður hafa verið taldir af fjenu, hafi þeir verið nokkrir, nú falla niður, sbr. niðurlag 7. gr. í tekjuskattslögum 14. desbr. 1877, er ákveður, að eigi skuli greiða skatt af þeim tekjum, sem fást með því að eyða höfuðstóli sínum, og að það verði eigi talið frá tekjum, sem haft er til að borga skuld.

114 23. júlí. — *Brjef* landshöfðingja *til beggja amtmanna um* mótvarnir gegn bólusótt. — Samkvæmt valdi því, sem mjer er gefið í 2. gr. laga 17. desbr. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, hefi jeg í dag fyrir hönd ráðgjafans gefið út auglýsingu um, að sjerhvert skip, sem kemur hingað til landsins frá Kristjaniu eða öðrum höfnum sunnanfjalls í Noregi, skuli háð reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum. Jafnframt þessu vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að þjer bæði leggið fyrir alla lögreglustjóra í umdæmum yðar að gæta þess nákvæmlega, að ekki verði brugðið út af nefndum ákvörðunum, og vísa jeg í þessu efni til auglýsingar minnar, sem prentuð er í stjórnartíðindum B. 111 og einnig annist um, að húsnæði það, er getur um í 5. gr. nefndra laga, handa bóluveikum, er kynnu að koma sjóleiðis að, verði til reiðu, og vænti jeg þess, að þjer, herra amtmaður, um leið og þjer annist um þetta, einnig sjáið um, að landssjóðnum verði ekki gjörður meiri kostnaður, en brýnasta nauðsyn krefur.

115 26. júlí. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* spítalagjald af síld. — Í brjefi frá í dag hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um það, hvort ekki beri samkvæmt 1. gr. c tilsk. 12. febr. 1872 að greiða spítalagjald af síld, og skýrið þjer frá, að Norðmenn nokkrir, sem hafa sezt að í sýslunni til að stunda síldarveiði, hafi skorast undan að greiða þetta gjald meðal annars af því, að það hafi ekki verið heimtað af Norðmönnum þeim, er stunda síldarveiði á Austfjörðum. Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er hjer segir:

Með 19. gr. tilsk. 27. maí 1746 var spítalagjaldið lagt á «allan fiskiafla, hverju nafni sem nefnist, er guð gefur þeim er stunda sjó», og þannig einnig á síldar og upsaveiði. Tilskipun 10. ágúst 1868 breytti nú þessari reglu og takmarkaði gjaldið til vissra fisktegunda; en þessi breyting stóð ekki nema fá ár, þangað til tilskipun um spítalagjald af sjávarafla frá 12. febr. 1872 náði gildi, og virðist eldri reglan um fisk þann, er spítalagjaldið hvílir á, þar með aptur vera orðin lög. Þetta leiðir bæði af upphafi 1. greinar laganna, er leggur gjaldið á sjávarafla, sem fæst á skip og leggst á land, og af c-lið sömu greinar, er eins og a- og b-liðirnir ekki tiltekur ákveðnar fisktegundir, og þess vegna verður að eiga við alls konar fisk. Þetta álit styrkist enn betur, þegar ákvörðun sú, er hjer ræðir um, er borin saman við undangengnar tillögur hins ráðgefandi alþingis og konungsfulltrúa, sjá alþ. tíð. 1871 II bls. 304 og 471 og tíðindi um stjórnarmálefni III bls. 280; því samkvæmt tillögum þessum virðist hið þáverandi löggjafarvald einmitt að hafa haft sjerstaklega síldar og upsaveiði fyrir augum, þegar ákveðið var að greiða $^1/_2$ alin í spítalagjald af hverri tunnu af fiski, sem saltaður er í tunnur.

Jeg vona, að þjer, herra amtmaður, brýnið fyrir gjaldheimtumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir, að fylgja fram þessum skilningi á 1. gr. laga 12. febr. 1872.